



Fundur fjallaskiladeildar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi 9. ágúst 2016, klukkan 21:00.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson formaður, Karl Ölvisson, Egill Sigurðsson og Nanna Jónsdóttir sveitarstjóri.
Óskar Ólafsson og Sigfús Davíðsson boðuðu forföll.
Nanna Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár:

1. Réttir

Ísleifur lagði fram tillögu að breytingu á réttardegi í Haldrétt.
Samþykkt að réttað verði einni viku fyrr en verið hefur þ.e.a.s. 11. september.
Réttað verður í Þóristungnarétt 18. september.
Samþykkt.

2. Leitarstjórn

Guðmundur Hauksson biðst undan því að vera leitarstjóri á Búðarhálsi. Fjallaskiladeild þakkar honum fyrir vel unnin störf.
Samþykkt að Ísleifur Jónasson verði leitarstjóri á Búðarhálsi í fyrri leitum og Tyrvingur Sveinsson verði leitarstjóri í seinni leitum.
Karl Ölvisson verður leitarstjóri á Þóristungum.
Leitarstjórum er falið að halda til haga upplýsingum um fjölda fullorðinna kinda og senda á skrifstofu Ásahrepps.
Samþykkt.

3. Laun og þóknanir vegna fjallferða

Helst óbreytt frá fyrra ári.
Umsjón 23.500 kr. á leit.
Ráðskona 16.800 kr. á dag.
Fjallmaður 9.600 kr. á dag.
Fjór hjól 12.800 kr. á dag.
Hestur 840 kr. á dag.
Fæði 6.500 kr. á dag.
Bíll 110 kr. á km.
Samþykkt.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 21:20